

**Mættir frá foreldrafélagi:** Kristín, Jóna, Aðalbjörg og Benedikt

**Frá skólanum:** Sif

**Gestir:** Fjóla forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar, Margrét deildarstjóri, Júlíus Freyr Bjarnason 8. bekk, Hugrún Einarsdóttir 9. bekk og Birta Ísabella Þorvaldsdóttir 10. Bekk úr nemendafélagi Setbergsskóla

## 1. Netnotkun barna

Ræddum netnotkun í sínum hjá krökkunum nú þegar þráðlaust net er komið í skólann. Virðist ganga vel. Símanotkun í tímum er ekki til vandræða.

Krakkarnir eru dugleg að láta Fjólú og eða kennara vita ef þeim misþýður einhver framkoma hvort sem er á netinu, snapchat eða annarstaðar.

### 1. Zetrið

Misjafnt á milli árganga hvernig mætingin er. 9.bekkur mætir ekki en 10.bekkur og 8.bekkur mætir frekar.

Krakkarnir komu með hugmynd um hvort að hægt væri að kaupa þythokki borð Softball boltar, hafa verið notaðir í Zetrinu en eru víst farnir að láta á sjá. Fjóla athugar með að kaupa nýja

Speed stack er eitthvað sem allar félagsmiðstöðvarnar í bænum ætla að kaupa. Hugmyndin er að hægt verði að vera með keppnir á milli skólanna.

Fjóla talar um að verið sé að hugsa um leiðir til að draga frekar stelpur að í Zetrið

Til dæmis með því að kaupa Buzz leikinn fyrir Playstation. Naglalökk og eitthvað þannig.

Foreldrafélagið (Aðalbjörg) ætlar að athuga hvort hægt sé að styrkja þau um leikina Guitar hero fyrir Playstation 2, Buzz fyrir Playstation 3 og fleiri

Foreldrafélagið setur inn á facebook og kallar eftir leikjum eða öðru sem fólk er hætt að nota sem gæti nýst Zetrinu eða gæslunni.

Skólinn leggur fram beiðni til foreldrafélagsins um að keypti verði spilið Varúlfur fyrir skólann.

## 2. Þema dagar 19.-20.mars

Verða með svipuðu sniði og í fyrra.

Spurning hvort að foreldrafélagið hafi tækifæri á að styrkja skólann um smá skemmtun í lok síðasta dagsins.

Foreldrafélagið athugar hversu mikill peningur er til.

Krakkarnir hugsa um hvern væri gaman að fá.

### 3. Páskabingó

þarf að færa dagsetninguna yfir á 26.mars, þar sem áætluð dagsetning skaraðist á við árshátíð skólans.

Kristín sendir út bréf með þessum breytingum en auglýsing verður send seinna.

Kristín talar við Góu um að fá egg eins og undanfarin ár.

Spurning hvort að við ættum einnig að vera með lítil egg (í álpappír) til að vera með sem uppbótaregg t.d. í þeim tilfellum þegar fleiri en einn fá bingó í einu. Þá væri dregið um hver fær stóra eggjó en aðrir sem fengu bingó fá lítið egg.

### 4.

#### Öskudagur

Hugmynd um að foreldrafélagið standi á næsta ári að því að skipuleggja möguleika á því að krakkarnir í hverfinu geti gengið í hús á Öskudag. T.d. að dreyfa miðum á öll hús í hverfinu nokkrum dögum fyrr

- á Miðanum gæti t.d. staðið :

Krakkarnir í hverfinu ætla að ganga í hús syngja og fá nammi á milli kl x og y - vinsamlega settu miðann í gluggann ef þú ert tilbúinn að taka á móti krökkum.

Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel í mörgum hverfum.

### 5. Önnur mál:

Setbergsskóli er að fara að keppa 2.mars í „Veistu svarið“ á móti Hvaleyrarskóla. Verður í Setbergsskóla kl 20. Opið fyrir alla árganga, bæði foreldra og börn.

þarf að setja inn á facebook síðuna og láta vita – væri gaman ef við náum góðri mætingu.

Fundi slitið kl. 18:00